

### Markmið:

Megintilgangur dönskunáms er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Námið á að leiða til þess að nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli af ólíkum toga og til að beita málinu í samskiptum.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur þjálfast í lestri, ritun, töluðu máli og hlustun. Unnið er ýmist einstaklingslega, í þorum eða litlum hópum. Unnið er jöfnum höndum með Smil námsbækurnar og Dejlige Danmark. Helstu þemu eru Tøj og tilbehør, Læs, se og hør og Jeg elsker Danmark. Nemendur kynnst Danmörku og danskri menningu og læra að nota ýmsa miðla við verkefnavinnu.

### Námsmat:

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor. Námsmat byggist á ýmsum verkefnum t.d. munnlegum, verklegum og skriflegum sem tengd eru hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Námsmat er skráð með hæfnitáknum á hæfnikort nemanda. Á unglíngastigi er námsmat skráð með bókstöfum í lok skólaárs.

### Námsgögn:

Smil lesbók <https://mms.is/namsefni/smil-nemendabok-gagnvirk-rafbok>

Smil vinnubók <https://mms.is/namsefni/smil-vinnubok-a-rafbok>

<https://mms.is/namsefni/smil-vinnubok-b-rafbok>

Dejlige Danmark þemahefti <https://mms.is/namsefni/dejlige-danmark-rafbok>

Dejlige Danmark verkefnabók <https://mms.is/namsefni/dejlige-danmark-verkefnabokrafbok>

Danskar kvikmyndir, lagatextar, sögur, greinar og ýmsir textar af netinu.